

## 87. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn mánudaginn 4. júní 2018.

### Fundargerð

#### Fundurinn haldinn í síma og hófst kl. 15:50

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar: Sigrún Blöndal (SB), Gauti Jóhannesson (GJ), Jón Björn Hákonarson (JBH), Sveinn Jónsson (SJ).

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir lið 2: Milliþinganefnd SSA, Árni Kristinsson, Einar Már Sigurðarson, Arnbjörg Sveinsdóttir

Gestur fundarins undir lið 7: Elín Sigríður Óladóttir, samráðsfulltrúi Landsnets.

#### Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerða nr. 84, 85 og 86
2. Milliþinganefnd SSA
3. Flugvallaverkefnið
4. Miðstöð menningarfræða
5. Samningur við MMR
6. Mannauðsmál
7. Verkefnaráð Kröflulínu 3 á vegum Landsnets
8. Aðalfundur Vísindagarðsins ehf.
9. Önnur mál

Formaður stjórnar Austurbrúar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðfesting fundargerða nr. 84, 85 og 86

Stjórn staðfestir fundargerðir 84, 85 og 86.

*Inn á fundinn kom Millipinganefnd SSA, Árni Kristinsson, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir.*

2. Millipinganefnd SSA

Arnbjörg Sveinsdóttir fór yfir stöðu mála. Nefndin telur gagnaöflun lokið og komin er mynd á fyrstu hugmyndir og eru þau til umfjöllunar hér. Tekin er umræða um þessar hugmyndir en reiknað er með að millipinganefndin skili sínum hugmyndum fyrir 17. ágúst nk. Stjórnarmenn geta komið ábendingum sínum á framfæri við nefndina í framhaldi af þessum fundi þar.

*Árni Kristinsson, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir vék af fundinum eftir þennan lið.*

3. Flugvallaverkefnið

JÁÞ fór yfir stöðu mála og hvaða verkþætti er verið að vinna að.

4. Miðstöð menningarfræða

JB fór yfir fund með bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar. Stjórn samþykkir drög að erindi og felur framkvæmdastjóra að senda það til Seyðisfjarðarkaupstaðar.

5. Samningur við MMR

- JB fór yfir fund formanns og framkvæmdastjóra með menntamálaráðherra í apríl.
- Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda inn fyrirbyggjandi drög að erindi vegna íslensku fyrir útlendinga.
- Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirrita framlengingu samnings við MMR til árs í samræmi við umræðu á fundinum.

## 6. Mannauðsmál

- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu ráðningasamninga hjá Austurbrú sem og þróun launaútgjald á árinu 2018 sem eru í takt við fjárhagsáætlun.
- Framkvæmdastjóri fór yfir skilaboð frá kjarasviði sambandsins um að ferli starfsmats teffjist og líklegt að ekki liggi fyrir niðurstaða í þeim efnum fyrr en um áramótin.
- Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu mála í öðrum mannauðsmálum hjá Austurbrú.

*Jóna Árný Þórðardóttir vék af fundi*

- JBH fór yfir uppsafnaða stöðu frítökuréttis er snýr að framkvæmdastjóra. Formanni stjórnar er falið að ganga frá uppgjöri á eldri stöðu sem áfallin var um áramótin 2017 á grundvelli umræðunnar. Þá mun framkvæmdastjóri reyna eftir kostum að nýta frítökurétt sinn sem eftir stendur eins og verkefnastaða leyfir. Kostnaður vegna þessa hefur þegar verið gjaldfærður að fullu á undanförunum árum.

*Jóna Árný Þórðardóttir kom aftur inn á fundinn.*

*Elín Sigríður Óladóttir Samráðsfulltrúi Landsnets kom inn á fundinn.*

## 7. Verkefnaráð Kröflulínu 3 á vegum Landsnets

Stjórn Austurbrúar sagði sig frá Verkefnaráði Kröflulínu 3 á grundvelli þess að ekki er greitt fyrir nefndarsetu í verkefnaráðinu. Elín Sigríður fór yfir sjónarmið Landsnets í skipun verkefnaráða sem og þeirra afstöðu til greiðslu fyrir stjórnarsetu í verkefnaráðinu. Stjórn Austurbrúar ítrekaði afstöðu sína og telur mikilvægt að ríkisstofnanir sem setji af stað samráðsferli sem þetta geri ráð fyrir eðlilegum kostnaði sem af slíku ferli hlýst þar sem ekki sé eðlilegt að biðja fólk um að sinna slíkri nefndarsetu í frítíma sínum. Elín Sigríður þakkar fyrir samtalið við stjórn um þetta málefni.

*Elín Sigríður Óladóttir Samráðsfulltrúi Landsnet vék af fundi.*

## 8. Aðalfundur Vísindagarðsins ehf.

Framkvæmdastjóri fór yfir fundargerð aðalfundar Vísindagarðsins ehf. Stefnt er að viðhaldi í E húsi auk þess sem bílastæði verða lagfærð við húsin á þessu ári.

9. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála vegna samninga við Ferðamálastofu.
- Framkvæmdastjóri kynnti styrkveitingu til Austurbrúar frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu sem og úr Þróunarsjóði innflytjendamála.

Formaður stjórnar boðar næsta fund sem verður í ágúst að loknum sumarleyfum. Fundi slitið kl. 17:30

\_\_\_\_\_  
Jón Björn Hákonarson

\_\_\_\_\_  
Sigrún Blöndal

\_\_\_\_\_  
Sæunn Stefánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Gauti Jóhannesson

\_\_\_\_\_  
Sveinn Jónsson